

**TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR**

frá 22. nóvember 1991

um breytingu á viðaukum tilskipunar ráðsins 70/524/EBE um aukefni í fóðri

(91/620/EBE)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA  
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu,  
með hliðsjón af tilskipun ráðsins 70/524/EBE frá 23.  
nóvember 1970 um aukefni í fóðri <sup>(1)</sup>, eins og henni  
var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar  
91/508/EBE <sup>(2)</sup>, einkum 7. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

Í tilskipun 70/524/EBE er kveðið á um að efni viðauka hennar  
verði breytt reglulega með hliðsjón af framförum á sviði  
vísinda- og tæknipækkingar. Viðaukarnir voru sameinaðir  
með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 91/248/EBE <sup>(3)</sup>.

Rannsóknnum á ýmsum aukefnum sem eru skráð í II. við-  
auka, en þar með er notkun þeirra heimil innanlands, er ekki  
enn lokið. Því ber að lengja gildistíma fyrir þessi efni um  
tiltekinn tíma.

Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari tilskipun eru í  
samræmi við álit fastanefndarinnar um fóður.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

*1. gr.*

II. viðauka við tilskipun 70/524/EBE er hér með breytt eins  
og fram kemur í viðaukanum hér á eftir.

*2. gr.*

Aðildarríkin skulu samþykka nauðsynleg lög og stjórn-  
sýslufyrirmæli til að fara að þessari tilskipun. Þeim ber að  
tilkynna framkvæmdastjórninni það þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykka þessar ráðstafanir skal vera í  
þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun  
þegar þær verða birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja  
nánari reglur um slíka tilvísun.

*3. gr.*

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 22. nóvember 1991.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ray MAC SHARRY

*framkvæmdastjóri.*

<sup>(1)</sup> Stjttíð. EB nr. L 270, 14. 12. 1970, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjttíð. EB nr. L 271, 27. 9. 1991, bls. 67.

<sup>(3)</sup> Stjttíð. EB nr. L 124, 18. 5. 1991, bls. 1.

## VIÐAUKI

1. Í A-hluta „Sýklalyf“ kemur dagsetningin „30. 11. 1992“ í dálknum „Gildistími heimildar“ í stað „30. 11. 1991“ fyrir eftirtalda liði:
    - nr. 22 „Avóparsín“,
    - nr. 27 „Salínómýsínnafríum“,
    - nr. 28 „Avilamýsín“,
    - nr. 29 „Efrótómísín“.
  2. Í D-hluta „Hníslalyf og önnur lyf“ kemur dagsetningin „30. 11. 1992“ í dálknum „Gildistími heimildar“ í stað „30. 11. 1991“ fyrir eftirtalda liði:
    - nr. 16 „Metíklórþindól/metýlbensókvat“,
    - nr. 20 „Lasalósíðnatríum“,
    - nr. 21 „Madúramísínammóníum“,
    - nr. 22 „Róbenidín“,
    - nr. 23 „Narasín/nikarbasín“.
  3. Í G-hluta „Rotvarnarefni“ kemur dagsetningin „30. 11. 1992“ í dálknum „Gildistími heimildar“ í stað „30. 11. 1991“ fyrir lið nr. 20 „Metýlprópíonsýra“.
  4. Í L-hluta „Bindiefni, kekkjavarnar- og storkuefni“ kemur dagsetningin „30. 11. 1992“ í dálknum „Gildistími heimildar“ í stað „30. 11. 1991“ fyrir lið nr. 1 „syntetískt kalsúmálat“.
-